



<b>T-105-HAGF</b>	<b>HAGFRÆÐI</b>	<b>6 ECTS</b>
<b>Ár:</b>	3. ár.	
<b>Önn:</b>	Haustönn.	
<b>Stig námskeiðs:</b>	1. Grunnám, grunnámskeið.	
<b>Tegund námskeiðs:</b>	Skyldunámskeið FV, RV.	
<b>Nauðsynlegir undanfarar:</b>	Engir. Ráðlagðir undanfarar: Stærðfræði I (T-101-STA1).	
<b>Skipulag:</b>	Kennt í 12 vikur – 6 kennslustundir í viku.	
<b>Umsjónarkennari:</b>	Sverrir Ólafsson.	
<b>Kennari:</b>	Bolli Héðinsson.	

**Lærdómsviðmið:** Námskeiðið miðar að því að efla skilning á hagfræðilegum viðfangsefnum og gera nemendum ljóst hversu víðtæk viðfangsefni hagfræðinnar eru og hvernig megi beita aðferðum hennar í daglegum viðfangsefnum í leik og starfi.

- Skilja grundvallaratriði hagfræðinnar og samhengi þeirra innbyrðis.
- Átta sig á hringrás hagkerfisins
- Þekkja framleiðsluþættina og framleiðsluþaðarinn
- Þekkja til hlítar og geta beitt hugmyndinni um hlutfallslega yfirburði, sérhæfingu og algjöra yfirburði
- Greina á milli áhrifavalda á framboð og eftirspurn
- Skilja hvað átt er við með teygni framboðs og eftirspurnar
- Átta sig á áhrifum inngrípa ríkisvaldsins á framboð og eftirspurn.
- Átta sig á áhrifum skattlagningar og áhrifum viðskiptahindrana.
- Kunna skil á ábata af viðskiptum, skiptingunni milli kaupenda og seljenda auk allra tapsins sem getur orðið
- Geta beitt mismunandi flokkun gæða, s.s. einkagæði og almannagæði
- Þekkja hefbundnar kostnaðarnálganir, fastur-, breytilegur, meðaltals og jaðarkostnaður
- Kunna mismunandi skilgreiningar á tegundum markaða og hvað einkennir hvern þeirra
- Túlka og geta beitt kenningunni um val neytandans, jaðarskiptahlutfallið og vörugerðir.
- Þekkja opinberar hagtolumælingar s.s. landsframleiðsla auk mælinga vísitalna og framfærslukostnaðar og vinnumarkaðar
- Geta greint umræðuna um endimörk framleiðslu og vaxtar
- Þekkja grunnstoðir fjármálakerfisins.

**Lýsing:** Helstu atriði úr rekstrarhagfræði og viðfangsefni þjóðhagfræðinnar. Þjóðhagsreikningar og verðlagsþróun, landsframleiðsla til langs tíma hagvöxtur og atvinnuleysi, peningar, fjármagnsmarkaðir og verðbólga, heildarframboð, heildareftirspurn og áhrif hagstjórnaraðgerða, hlutverk hins opinbera, hagsveiflur, verðbólga og atvinnuleysi, viðskipti milli landa. Sérstök áhersla er lögð á að tengja fræðin íslenskum aðstæðum og atburðum líðandi stundar. Gera má ráð fyrir að við gerð heimaverkefnis/kynningar þurfi nemendur að vera reiðubúnir að vinna að því með formlegum hætti þ.e. rétttri heimildanotkun o.þ.h.

<b>Leseefni:</b>	Mankiw & Taylor, <i>Economics</i> .
<b>Kennsluaðferðir:</b>	Fyrirlestrar, þátttaka nemenda í tímum og verkefni.
<b>Námsmat:</b>	Allt sem fram fer í tímum er til prófs! Lokapróf 50% (60% ef skyndipróf er lægra); Þátttaka í tímum 10%; Miðsvetrarpróf 10%; Verkefni 30%.
<b>Tungumál:</b>	Íslenska.

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluaðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.